

stefnisrörið var byrjað að losna“. Verður því eigi með fullum rökum fullyrt, að vélbáturinn hafi ekki verið í hættu. Verður því að telja rétt, að stefnanda beri björgunarlaun fyrir og sjóveð í vélbátnum.

Samkvæmt stefnunni er krafizt björgunarlauna — 60000.00 kr. — af skipi stefnds, sem virt var á 203000.00 kr., og af farminum, sem virtur var á 28900 kr.

Nú hefur það verið upplýst í málflutningnum, að stefndur átti eigi farminn, og ber því eigi að greiða björgunarlaun af honum. Málskostnaður, sem stefnandi hefur í málflutningnum krafizt með kr. 3637.25, er rétt, að falli niður, þar sem stefnandi hefur ranglega krafizt greiðslu fyrir björgunarlaun á farmi, sem stefndur átti ekki.

Fyrir því dæmist rétt vera:

Stefndur, Friðrik Guðjónsson útgerðarmaður, Siglufirði, greiði stefnandanum, h/f Hrönn í Reykjavík, kr. 30000.00 með 5% vöxtum frá 25. september s. l.

Stefnanda tildæmist sjóveð fyrir dómsupphæðinni í hinu bjargaða skipi stefnds, v/s Geir S.I. 55.

Málskostnaður falli niður.

Hið ídæmda ber að greiða innan 3ja sólarhringa frá lögbirtingu dómsins að viðlagði aðför að lögum.

Föstudaginn 23. nóvember 1945.

Nr. 30/1945. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn

Hálfdáni Hálfánarsyni (Eggert Claessen).

Brot á heilbrigðissamþykkt og lögreglusamþykkt.

Dómur hæstaréttar.

Meðferð kærða á fiskúrgangi, sem lýst er í héraðsdómi, varðar við 1. gr. auglýsingar nr. 74/1937, sbr. 45. gr. heilbrigðissamþykktar Ísafjarðarkaupstaðar nr. 53/1906, og 85. sbr. 95. gr. lögreglusamþykktar sama kaupstaðar nr. 25/1931. Samkvæmt þessu og með skirskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann, þó svo, að frestur til greiðslu sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber kærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 300.00 til hvors.

Þvi dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Hálfán Hálfánarson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Sveinbjörns Jónssonar og Eggerts Claessens, kr. 300.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Ísafjarðar 11. desember 1944.

Ár 1944 mánudaginn 11. desember, var í lögreglurétti Ísafjarðar, sem haldinn var í skrifstofu bæjarfógeta af hinum reglulega dómara, Jóhanni Gunnari Ólafssyni, kveðinn upp dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var 8. des. s. l.

Mál þetta er höfðað af hálfu valdstjórnarinnar með stefnu, útgefinni 22. nóvember 1944, gegn Hálfáni Hálfánarsyni framkvæmdarstjóra, til heimilis að Sundstræti 39, Ísafirði, fyrir brot gegn heilbrigðissamþykkt Ísafjarðar nr. 53/1906 og nr. 74/1937 og lögreglusamþykkt Ísafjarðar nr. 25/1931.

Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur í Bolungavík 3. apríl 1878, og hefur með dómi hæstaréttar 15. des. 1930 verið dæmdur í 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot á 83 gr. laga nr. 28/1915, sbr. lög nr. 50/1923, 4. gr. og 10. gr., 114. gr. sbr. 55. gr. og 63. gr. alm. hegningarlaga. Uppreisn æru fékk hann 28. júlí 1937. Hann hefur ekki, svo kunnugt sé, sætt frekari kærur eða refsingum.

Málavextir eru þessir:

Með kæru, dags. 20. nóv. s. l., kærði lögreglan á Ísafirði kærðan fyrir það, að hann sem framkvæmdarstjóri h.f. Norðurtanga, Ísafirði, héldi áfram þrátt fyrir itrekaðar aðvaranir að láta kasta fiskúrgangi út á götuna og í fjöruna framan við hraðfrystihús félagsins. Hinn 19. og 20. nóvember s. l. hefði verið allstór haugur af fiskúrgangi fyrir framan húsið og lekið úr honum leðja yfir götuna. Kærður hefur viðurkennt, að þetta væri rétt, að hann hafi látið setja hausa og fiskhryggi út á steypa stétt, sem sé framan við

húsið. Kveðst hann, síðan stéttin var byggð, aldrei hafa látið það mikið af fiskúrgangi, að það kæmist ekki fyrir á stéttinni, en sauðfé sæki mikið í fiskúrgangshrúguna og komi fyrir, að það sparki fiskúrganginum út á götuna. Kærður hefur skýrt frá því, að h.f. Fiskimjöl hafi lofað að hirða fiskúrgang þenna daglega og flytja hann burtu, en fyrir komi, að fiskúrgangurinn safnist fyrir frá degi til dags og yfir helgi. Kærður hefur viðurkennt, að lög-reglustjóri og Jón Á. Jóhannsson yfirlögregluþjónn hafi kvartað við hann í fyrra vetur og vor yfir því, að óþrif væri frá fiskúrganginum.

Yfirlögregluþjónninn hefur verið leiddur sem vitni í málinu, og hefur hann borið það, að hann hafi veitt því eftirtækt, að fiskúrgangi væri kastað út fyrir hraðfrystihús h.f. Norðurtanga, og læki úr honum leðja yfir götuna. Einnig hafi fiskúrgangur legið á götunni utan stéttarinnar til óþrifa. Þegar vitnið kvartaði yfir þessu við kærðan og aðvaraði hann að bæta úr þessum ágöllum, tók hann þeim aðvörunum ekki vel. Þá hefur þetta vitni borið, að síðara hluta nóvember hefði hann séð tvær hrúgur af fiskslógi sitt hvoru megin við bryggju h.f. Norðurtanga allra efst í fjörunni. Kærður hefur ekki viljað viðurkenna, að þessar slóghrúgur hefðu verið þarna fyrir hans tilverknað. Félag hans kaupir fiskinn alltaf slægðan, en hins vegar hefur hann skýrt frá því, að hann leyfi á stundum þeim, sem hann kaupir fisk af, að slægja í húsum félagsins, en hann hafi lagt fyrir þá að flytja slógið fram á miðja bryggjuna og kasta því þar í sjóinn.

Þá hefur verið leiddur sem vitni í málinu Guðbjartur Ásgeirsson, verkstjóri í Þjónustu h.f. Norðurtanga. Hann hefur skýrt frá því, að það sé samkvæmt fyrirmælum kærðs, að hausar og hryggir séu látnir út á stéttina framan við hraðfrystihúsið. Stétt þessi sé hallandi frá húsinu út á götunni, og komi oft fyrir, að út af stéttinni renni eitthvað af fiskúrgangi niður á götuna. Á s. l. vetri hafi leðja úr úrganginum oft lekið yfir götuna, og þegar fór að hlýna í fyrravor í veðri, hefi borið töluvert á ólykt frá því, sem úr úrganginum lak.

Þenna framburð hefur kærður ekkert haft við að athuga.

Í málinu hefur verið lagt fram bréf, dags. 28. okt. s. l., til h.f. Norðurtanga, þar sem félaginu er tilkynnt samþykkt heilbrigðisnefndar frá 27. s. m. í þá átt, að félaginu sé „allsendis óheimilt að fleygja úrganginum (þ. e. fiskúrgingi) út á götuna við húsið, eins og gert hefur verið s. l. vetur . . . Gerir nefndin þá kröfu til félagsins, að það komi hirðingu fiskúrgangsins þannig fyrir, að ekki stafi af honum óþrifnaður.“

Þessa tilkynningu hefur kærður viðurkennt að hafa fengið. Það er upplýst, að kærður hefur ekkert gert til að verða við kröfum heilbrigðisnefndar.

Það er upplýst í málinu, að alfaravegur er um Sundstræti og Fjarðarstræti, en götur þessar liggja með suðausturhlið og norðurgafli hraðfrystihúss h.f. Norðurtanga.

Með framangreindu atferli hefur kærður gerzt brotlegur við 1. og 2. grein auglýsingar um breytingar á heilbrigðissamþykkt Ísafjarðar nr. 74/1937 og 85. grein lögreglusamþykktar fyrir Ísafjarðarkaupstað nr. 25/1931.

Refsing kærðs þykir hæfilega ákveðin 50 króna sekt til bæjar-sjóðs Ísafjarðar, og komi 3 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kr. 100.00 til hins skipaða verjanda síns, Jóns Grímssonar kaupmanns.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Þvi dæmist rétt vera:

Kærður, Hálfván Háldánarson, greiði 50 króna sekt til bæjar-sjóðs Ísafjarðar innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti hann varðhaldi í 3 daga.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin mál-flutningslaun skipaðs verjanda síns, Jóns Grímssonar kaupmanns, kr. 100.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 26. nóvember 1945.

Nr. 95/1945. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn

F. C. Day (Lárus Fjeldsted).

Fiskveiðabrot.

Dómur hæstaréttar.

Sigfús M. Johnsen, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Forstöðumaður Stýrimannaskólans í Reykjavík hefur eftir uppsögu héraðsdóms markað á sjóuppdrátt stað varðskipsins samkvæmt mælingum skipherrans kl. 0140, sem lýst er í héraðsdómi, og reyndist staðurinn 0,7 sjómilur innan landhelgislínu. Er því sannað, að kærði hefur verið að veiðum í landhelgi, svo sem nánar er rakið í héraðsdómi, og varðar það brot hans við 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 3. gr. nefndra laga og lög nr. 4/1924.

Samkvæmt þessu og að því athuguðu, að gullgengi krón-